

Samningur um ræktun Landgræðsluskóga

Leiga lands - Kvöð um ræktun, friðun og almenna umgengni

Eftirgreindir aðilar : Dalabyggð, kt. 510694-2019, þinglýstur eigandi jarðarinnar Fjósa, í samningi þessum nefndur leigusali, og Skógræktarfélag Dalasýslu, kt. 510788-2659, í samningi þessum nefnt leigutaki, ásamt Skógræktarfélagi Íslands, kt. 600269-3809, vegna verkefnis um Landgræðsluskóga, gera með sér svofelldan samning [vegna uppbyggingar í og við Brekkuskóg](#):

1. gr.

Markmið samnings þessa er að stuðla að landvernd og tryggja íbúum sveitarfélagsins og almenningi svæði til útivistar um ókomna framtíð. Um er að ræða svæði norðvestan við Búðardal, sem nú nefnist Brekkuskógur og var gróðursettur kringum 1990, upphaflega samkvæmt samningi milli Laxárdalshrepps og Skógræktarfélags Dalasýslu, en sá samningur er nú útrunninn.

Með það að leiðarljósi hafa aðilar samnings þessa ákveðið að stuðla að frekari uppbyggingu og aðstöðu fyrir almenning í Brekkuskógi og frekari ræktun svæðisins þar sem þarf með undir hatti Landgræðsluskóga, sbr. 2. gr. [Horft verði til þess að a.m.k. hluti þeirra göngustíga sem lagðir verða í Brekkuskógi verði greiðfærir sem flestum, þ.m.t. einstaklingum sem búa á Silfurtúni í Búðardal.](#)

Með Landgræðsluskógi er í samningi þessum átt við skóg sem ræktaður er upp á áveðurssvæðum, ógrónu, lítt- eða hálfgrónu landi.

2. gr.

Svo markmið samnings þessa megi ná fram að ganga leigir leigusali leigutaka landspildu úr jörðinni Fjósa undir núverandi Brekkuskóg og til frekari gróðursetningar. Landspildan hefur landnúmer **xx** og er stærð hennar **xx** ha. Mörk landspildunnar eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti, sem áritaður er af samningsaðilum, og skal hann vera hluti af samningi þessum. Liggi uppdráttur ekki fyrir láta aðilar vinna slíkan uppdrátt og greiðir leigutaki kostnaðinn af gerð hans. [Mikilvægt er að horft sé til vinnu við deiliskipulag í Búðardal vorið 2024 þannig að mörk þess svæðis sem afmarkað er/verður fyrir Brekkuskóg skarist ekki við þær útlínur sem kunna að verða til í tengslum við deiliskipulag. Horft verði til þess við skipulagningu göngustíga innan hvors skipulags um sig, þ.e. í og við Búðardal sem og í Brekkuskógi, að göngustígakerfið liggi saman þannig að sem best heild náist hvað möguleika til útivistar varðar.](#)

3. gr.

Leigutaki hefur landið á leigu til 50 ára, en greiðir ekki af því leigu. Leigutaki ber kostnað af friðun landsins, þ.m.t. uppsetningu og viðhaldi á nauðsynlegum girðingum. Leigutaka er heimilt að leggja vegi um landið. Honum er ennfremur heimilt að reisa nauðsynleg mannvirki sem tilheyra starfseminni að fengnu sérstöku samþykki leigusala og skal leigutaki afla byggingarleyfis yfirvalda.

Öll opinber gjöld eða kröfur sem á landið kunna að verða lögð greiðir leigusali.

Við lok samningstímans skulu aðilar leitast við að endurnýja samning þennan. Á meðan samningar standa yfir eða ef upphaflegum leigutaka er ekki lengur til að dreifa skal Skógræktarfélag Íslands fara með umsjón landsins en félagið skal jafnframt leitast við að finna nýjan aðila sem leigutaka til vörslu landsins og landgræðslu á því.

Að endanlegum leigutíma liðnum skal landið áfram vera útivistar- og landgræðsluskógasvæði og skal á landinu hvíla áframhaldandi kvöð um ræktun og friðun og almenna umgengni samkvæmt samningi þessum undir eftirliti sveitarstjórnar og Skógræktarfélags Íslands.

4. gr.

Landgræðsluskógur sá er vex á landspildunni skal vera eign leigutaka. Verði seldar afurðir úr skóginum skal andvirði þeirra renna til leigutaka.

Ef að loknum leigutíma ekki næst samkomulag milli aðila um áframhaldandi leigu eða aðra samvinnu, sbr. 3. mgr. 3. gr., skal andvirði vegna nýtjunar skógarins renna til Skógræktarfélags Íslands.

Meðferð skógarins og umhirða er háð fyrirmælum Skógræktarfélags Íslands eftir því sem við á.

5. gr.

Við breytingar á aðalskipulagi og/eða deiliskipulagi sem tekur til hins leigða lands skal leitast við að taka mið af samningi þessum og markmiði hans um nýtingu landsins og að ekki eða sem minnst verði hróflað við því.

6. gr.

Krefjist almannabörf þess að landið eða hluti þess verði nýtt á annan hátt en kveðið er á um í samningi þessum er leigutaka skylt að láta af hendi rétt sinn til landsins eða þess hluta sem við á. Skal almannabörf samkvæmt framangreindu staðfest af meirihluta sveitarstjórnar en leita skal áður umsagnar Skógræktarfélags Íslands.

Að uppfylltum skilyrðum samkvæmt 1. mgr. skal leigusala eða sveitarfélagi heimilt að nýta landið til annars en sem skógræktar- og útivistarsvæði og skal þá viðkomandi aðili bæta allt tjón leigutaka og/eða Skógræktarfélags Íslands bæði vegna gróðursetningar og gerð mannvirkja samkvæmt samkomulagi eða ef það ekki næst samkvæmt mati dómkvadds matsmanns/manna.

7. gr.

Skógræktarfélag Íslands afhendir leigutaka trjáplöntur til gróðursetningar í land það er samningur þessi tekur til eftir því sem fjárhagur Skógræktarfélags Íslands leyfir og verkefni um Landgræðsluskóga hefur bolmagn til.

Samningsaðilum er heimilt að afla annarra trjáplantna til viðbótar við þær plöntur sem afhentar verða skv. 1. mgr. og planta þeim í landið.

8. gr.

Fagleg umsjón með ræktun Landgræðsluskóga skal vera í höndum Skógræktarfélags Íslands.

9. gr.

Leigutaka er óheimilt að framleigja landið nema með samþykki leigusala. Hætti leigutaki starfsemi sinni á svæðinu skal landið fara í vörslu Skógræktarfélags Íslands sem skal leitast við að finna nýjan leigutaka til vörslu landsins og landgræðslu, sbr. 3. mgr. 3. gr. samnings þessa.

10. gr.

Rísi mál út af samningi samningi þessum skal það rekið fyrir viðkomandi héraðsdómi .

11. gr.

Samningi þessum skal þinglýst. Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu.

12. gr.

Samningur þessi skal undirritaður í viðurvist tveggja vitundarvotta sem votta rétta dagsetningu, undirskrift og fjárræði. Af samningum skulu undirrituð fjögur samhljóða frumrit, eitt handa hverjum aðila og eitt til þinglýsingar.

Gert að xxxx, þann xx.xxxx xxxx

F.h. landeiganda

F.h. Skógræktarfélags Dalasýslu.

F.h. Skógræktarfélags Íslands

Vottar að réttri dags., undirskriftum og fjárræði:

nafn

kt.

nafn

kt.

